

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Fjallabyggð.

*Flæðar, óveruleg breyting á deiliskipulagi.*

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkti 22. ágúst 2022 óverulega breytingu á deiliskipulagi Flæða, Ólafsfirði. Breytingin felur í sér hliðrun deiliskipulagsmarka sem færast frá götukanti að lóðamörkum sunnan Aðalgötu og með því verður allt vegstæði Aðalgötu auk gangstíga meðfram götunni sunnanverðri utan skipulagsmarka. Breyting þessi er gerð til aðlögunar við skipulagsmörk deiliskipulags þjóðvegarins í gegnum þéttbýli Ólafsfjarðar og þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins var fallið frá grenndarkynningu. Málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Fjallabyggð, 24. ágúst 2022.*

**Íris Stefánsdóttir**, skipulags- og tæknifulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 7. september 2022